Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Guðmundur Rafn Kristjánsson
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 23. febrúar 2023

Tilvísun: 202208073 / 3.3

Efni: Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna verslunar og þjónustusvæðis að Fjarðargötu 42.

Ísafjarðarbær sendi með erindi dags. 25. okt. 2022, Skipulagsstofnun til staðfestingar óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn þann 13. okt. 2022, en niðurstaða hennar hefur ekki verið auglýst.

Breytingin felst í því að lóðin Fjarðargata 42, sem í dag er skilgreind sem athafnasvæði verður skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði, þar sem heimilt verður að vera með þjónustu fyrir ferðamenn s.s. gistiþjónustu og veitingaþjónustu.

Skipulagsstofnun sendi í framhaldinu fyrirspurn til Ísafjarðarbæjar, og óskaði eftir rökstuðningi fyrir því að þetta gæti talist óverulega breyting og benti einnig á atriði í breytingartillögunni sem þyrfti að lagfæra.

Svar barst í tölvupósti frá Ísafjarðarbæ 14. feb. sl. ásamt lagfærðum uppdrætti sem er ódagsettur. Útprentuð gögn bárust með erindi dags. 20. feb. 2023.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er eftirfarandi:
Þrátt fyrir að sveitarstjórn telji að til bóta sé að breyta notkun lóðarinnar í þjónustu fyrir ferðamenn, þá telur stofnunin vafa leika á að hægt sé að fullyrða að breytingin muni ekki hafa áhrif á nágranna, eða einungis jákvæð áhrif, þannig að óþarfi sé að kynna hana fyrir hagsmunaaðilum í nágrenninu. Stofnunin bendir á að ekki einungis eigendur fasteigna teljist til hagsmunaaðila, heldur einnig leigjendur.

Stofnunin beinir því til sveitarfélagsins að kynna tillögu að breytingunni með formlegum hætti. Vilji sveitarstjórn hinsvegar halda því til streitu að fara með breytinguna sem óverulega telur stofnunin að setja þurfi starfseminni á lóðinni skorður, svo sem um opnunartíma veitingasölu, fjölda gistirúma og uppbyggingarheimildir, til þess að tryggja eins og hægt er að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið.

Málfr. K. Kristiansen

Málfríður K. Kristiansen

Borgartúni 7b | Sími 595 4100 | www.skipulag.is
IS-105 Reykjavík | Kennitala 590269 5149 | skipulag@skipulag.is